

FARID Á TE EKRUR
Í MALAVÍ

Ein helsta útflutningsafurð Malaví er te

TÝNT MEÐ HÖNDUM AF HER
MANNA Á EKRUM

GALDURINN VIÐ TE

..er nokkuð flókinn. Reyndar virðist ræktun einfaldari en á þrúgum í vín því jarðvegur og tegund laufa skiptir ekki öllu. En þegar kemur að því að flokka og þurrka og blanda fara saman vísindi og list.

2

Bretar komu með terækt til landsins fyrir meira en öld. Nú eru te og kaffi helstu útflutningsgreinar landsins, næst á eftir tóbaki. Helstu ekrurnar eru við rætur Mulanje fjallsins, sem er það hæsta í Malaví þar sem það gnæfir yfir ávölum hæðum sem eru ótrúlega grænar. Hér tóku nýlenduherrar völdin. Og afkomendur halda þeim.



Það er langur vegur hérðan...




og hingað

Grænt, hvítt og svart te: afbrigðin koma öll af sama laufinu en það er þurrkun og brennsla sem ræður útkomu, og svo er blandað rétt.





Aðeis efstu lafið, vaxtarlaufin eru tínd.



Vökvun




Það er eftirsótt að vinna á teekrum og tína laufin. Lágmarksgreiðsla er innan við 100 kr á dag fyrir 44 kíló af laufi, en fari maður upp fyrir þá vigt kemur bónus.

Tínt er í strigasekki sem fólk ber á baki sér. Allt upp í 5000 manns vinna á einum búgarði þegar mest er, en ekrurnar eru fjölmargar og bera framandi nöfn sem eins og í vínframleiðslu hafa sérstöðu út frá afurðum.



Rhuncus triflorus placida



Pegar Bretar komu til Malaví undir byssuvernd og biblíu í lok 19. aldar tóku þeir einfaldlega landið. „Hvað gátum við gert?“ Leiðsögumaðurinn minnst forfeðra sem ekki áttu neitt nema boga og spjót gegn eldspúandi byssum. Sums staðar er þriðja kynslóð „eigenda“ landsins við te og kaffirækt, en margar ekrur hafa skipt um hendur í áranna rás. Malavar hafa aldrei farið í sitt „landhelgisstríð“ við Breta, heldur sætta sig við niðurstöðu nýlendustefnunnar.

Orðspor er mikilvægt: Engin barnaþrælkun, skólar og heilsugæsla fyrir starfsmenn.

Æ fleiri snúa sér að „fair trade“ eða vel þokkuðum viðskiptaháttum.

Og í kringum þessa iðju vex túrismi því fegurðin í landshlutanum er annáluð og ekrurnar augnayndi.

Leiðin frá ekrunum að hlaðborðinu...

HIN BRESKA STOFNUN „HIGH TEA“ ER VIÐ LÝÐI HÉR.



Síðdegiste eins og Bretar vilja hafa það:

Smásamlokur, tertur, úrval af kexi, te og meira te, og þá verður garðurinn að vera fagur og notalegt að

sitja í forsælu og njóta ávaxta landsins. Á stöku stað i Malaví hafa gömlu herrasetrin verið gerð upp og eru nú glæsilegir gististaðir fyrir ferðamenn

sem langar til að sjá dýrðina . Og kynnast terækt frá upphafi til enda...þegar síðasti sopinn rennur ljúflega niður.

